99. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarherbergi 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 22. september 2020 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:
Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður, Helga Dóra Kristjánsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:
Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi og Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Heiða Hrund Jack, skipulagsfulltrúi.

Dagskrá:

1. **Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2021-2033 - 2020070011**

   Skipulagsfulltrúi kynnir vinnu við endurskoðun á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2021-33.

   Umhverfis- og framkvæmdanefnd er falið að rýna þá kafla sem fjalla um framkvæmdir og umhverfismál.

2. **Endurskoðun bæjarmálasamþykktar Ísafjarðarbæjar - 2012120018**

   Lagt fram til kynningar tillaga bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar um breytingar á samþykktum um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, í samræmi við minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, bæjarritara, dags. 1. september 2020.
   Á 460. fundi sínum þann 3. september sl. óskar bæjarstjórn umsagnar umhverfis-og framkvæmdanefndar á breytingu á 47. gr. bæjarmálasamþykktar.

   Umhverfis- og famkvæmdanefnd telur ekki tímabært að sameina nefndir um umhverfis- og skipulagsmál á meðan endurskoðunarvinna á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar stendur yfir. Nefndarmenn óska einnig eftir að því að skipaður verði sérstakur starfsmaður fyrir nefndina.

3. **Gjaldskrár 2021 - 2020050033**

   Umræður um gjaldskrár ársins 2021.

   Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við bæjarstjórn að gjöld hækki ekki umfram tilmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga á árinu 2021. Tilmælin gera ráð fyrir að gjöld hækki ekki umfram 2,5% en minna ef verðbólga verður lægri.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

Nanný Arna Guðmundsdóttir	Steinunn Guðný Einarsdóttir
Aðalsteinn Egill Traustason	Helga Dóra Kristjánsdóttir
Magnús Einar Magnússon	Axel Rodriguez Överby
Helga Þuríður Magnúsdóttir	